


Fornleifaskráning vegna grjótnámu í Undirhlíðum



*Katrín Gunnarsdóttir
Byggðasafn Hafnarfjarðar
janúar 2005*

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Inngangur

Að beiðni Helgu Stefánsdóttur á Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar var Bygðasafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu á hluta svæðis við Undirhlíðar í Hafnarfirði vegna deiliskipulagsvinnu á fyrirhuguðu námasvæði við Undirhlíðar.

Svæðið sem á að deiliskipuleggja er afmarkað samkvæmt uppdrætti frá Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar. Fylgiskjal 1.

Fornleifaskráning á norðausturhluta svæðisins var gerð af Bjarna Einarssyni fornleifafræðingi árið 1998. Það svæði er stærra svæðið sem er skástrikað á korti, sjá Fylgiskjal 1.

Suðurvesturhluti svæðisins hefur ekki áður verið fornleifaskráður. Það er minna svæðið sem er skástrikað á korti, sjá Fylgiskjal 1.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram 27. janúar 2005, og var hún gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi. Teknar voru myndir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með Gps hnítum. Skráðar voru samtals 2 fornleifar á svæðinu.

Þakkir til Jónatans Garðarssonar fyrir leiðsögn um svæðið.

Svæðið sem fornleifaskráning fór fram á tilheyrir afrétt Garðakirkju sem er innan Hafnarfjarðar. Samkvæmt uppdrætti sem gerður var af Fornleifastofnun Íslands, frá 1998.

Undirhlíðanámur eru núna austan við núverandi Bláfjallaveg í Undirhlíðum sem markast að sunnanverðu af Skúlatúnshrauni og að norðanverðu af Óbrinnishólabruna. Undir Undirhlíðum sem er vestari hluti skipulagssvæðisins liggur gamla þjóðleiðin, kölluð Undirhlíðavegur sem liggur frá frá Kaldárseli að Krísuvík. Meðfram austari hluta skipulagssvæðisins liggur svokölluð Dalaleið sem var ein af mörgum leiðum milli Hafnarfjarðar og Krísuvíkur.

Gamla þjóðleiðin Dalaleið, var rofin þegar Bláfjallavegur var lagður eins og hann er í dag. Það sama gildir um Undirhlíðaveg sem er líka rofinn af Bláfjallavegi.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspillt til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu.

Friðhelgifornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar

rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml).

Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifur* fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. GPS hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdrátta og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins, telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

Fornleifur veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

Aðalnúmer og undirnúmer

Fornleifum er í gagnagrunninum gefið **Aðalnúmer** og **Undirnúmer**. Aðalnúmer ræðst nær undantekningalaust af heiti jarðar. Undirhlíðar hefur fengið númerið 11 sem aðalnúmer, en undirnúmer telja fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar.

Landareign og númer landareignar

Gildið **Landareign** á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið **landsnúmer** sem fært er inn í gagnagrunninn. Ekki var hægt að skrá landnúmer á þessu svæði, þar sem það hefur ekki verið skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

Jarðatal J. Johnsen

Í Jarðatali Johnsen¹ frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Sé jarðar þar getið er númerið fært í gagnagrunninn.

¹ J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn

Aldur

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum: **-1550, 1550-1900 og 1900-**. Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé **ártal** hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

Heiti

Hafi fornleif ákveðið **heiti** er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

GPS staðsetning

Samkvæmt vinnureglu er **GPS hnit** tekið sem næst miðju fornleifar og hnitið fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

Ástand

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: **Ágætt** ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, **Sæmilegt** ef fornleif er nokkuð heilleg, **Lélegt** ef fornleif er mikið röskuð og **Horfin** ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfuar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

Hættumat

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: **Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot.**

Hætta

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: **Mikil, Talsverð, Lítil og Engin**. Þannig er möguleiki á að gripa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleift.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

Tegund minja

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

Friðlýsing

Í gagnagrunninum eru þrjú gildi er snúa að friðslýingu fornleifa. Við skráningu er tekið fram hvort fornleif sé **friðlýst eða ekki**, ef svo er þá **hvenær** það hafi verið gert, er upplýsinga leitað í friðlýsingaskrá. Með tilliti til minjagildis og sérstöðu fornleifar er afstaða tekin til þess hvort gera skuli **tillögu að friðunfornleifa**.

Merkja

Tillaga er lögð fram um það **hvort merkja eigi** fornleif inn á kort t.d. á staðfræðikort eða hvort merkja eigi viðkomandi fornleif í landinu.

Minjagildi

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: **Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert.**

Lega og staðhættir

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til **legu og staðháttu**, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kortagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

Lýsing

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, einkennandi þáttum og almennu ástandi.

Athugasemdir

Inn í **athugasemdir** eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna. Í athugasemdum er einnig skýringartexti með þeim myndum og teikningum sem fylgja skráðri fornleif.

Heimildir

Vísað er til **heimilda** um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

Ljósmyndir

Sérstakur reitur er fyrir hendi til innskönnunar ljósmynda eða innsetningu stafrænna mynda, í athugasemdum er að finna skýringartexta við myndir.

Teikningar

Ef fornleif hefur verið teiknuð upp á vettvangi er sérstakur reitur fyrir hendi til innskönnunar teikningar. Á vettvangi er fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti. Við gerð teikningar er jafnan stuðst við niðurstöðu áttavita. Í athugasemdum er að finna skýringartexta teikninga. Sé fornleif hins vegar mæld upp, þá er þess sérstaklega getið í athugasemdum.

Niðurstöður

Svæðið sem fornleifaskráning fór fram á tilheyrir afrétt Garðakirkju sem er innan Hafnarfjarðar. Samkvæmt uppdrætti frá Fornleifastofnun Íslands, frá 1998.

Við fornleifaskráningu á svæðinu voru skráðir tveir vegslóðar.

1.

Þjóðleið, Dalaleið merkt á fylgiskjali 1- 1: 1, 1 :2 og 1 :3. Dalaleiðin er ein af mörgum leiðum sem var á milli Hafnarfjarðar og Krísvíkur. Dalaleiðin liggur eftir hlíðinni austast á deiliskipulagssvæðinu, sunnan við Bláfjallaveg.

2.

Fornleið, merkt á fylgiskjali 1.- 2:2 og 2:3. Fornleiðin liggur milli trjáræktar í hlíðinni að vestan og línuveg, Undirhlíðavegar sem liggur um sléttlendið.

Samantekt

1.

Samkvæmt uppdrætti af efnistökusvæðinu hverfur Dalaleiðin við fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði, en verður áfram sýnileg við endamörk svæðisins til suðurs. Þar sem fornleifaskráning var ekki gerð áður en að fyrirhugað námasvæði var ákveðið, gæti reynst erfitt að breyta fyrirhuguðu efnistökusvæði þannig að Dalaleiðin yrði óhreyfð. Það er Fornleifavernd ríkisins sem gefur leyfi vegna fyrirhugaðrar framkvæmda sem raska mun hinni fornu Dalaleið.

2.

Samkvæmt uppdrætti af efnistökusvæðinu mun fornleiðin sem liggur um Undirhlíðaveg, ekki raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir. En efnámasvæðið verður stækkað, eða fært til á einhvern hátt, þarf að taka tillit til þess að um svæðið liggur gömul samgönguleið.

Heimildir

Jarðakort. Fornleifastofnun Íslands 1998.

Ólafur Þorvaldsson *Fornar slóðir milli Krísvíkur og Hafnarfjarðar* Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943 - 48. bls. 83-86.

Viðaukar. *Matsskýrslu fyrir efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar*. Umhverfis- og hönnunardeild. Mars 2004.

Heimildarmaður: Jónatan Garðarson, Lóuási 2. Hafnarfirði.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1.

Kort af fyrirhuguðu námusvæði. Stærri flöturinn sem er með skálínum er svæðið sem var fornleifaskráð árið 1998. Minni flöturinn með skálínum er svæðið sem var fornleifaskráð í febrúar 2005.

Forsíðumynd

Horf í vestur í átt að Slysadal. Gamla leiðin til vinstri, inn með hlíðinni. Nýrri vegslóði til hægri.

Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir. Janúar 2005.

Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Landareign:	Landareign nr:	Jarðatal 1874:	Aldur:
11	1	Hafnarfjörður			1550-1900
Heiti:	GPS-Hnit:	Ástand:	Hættumat:	Hætta:	
Dalaleið	N 063°59.507' W 021°53.442'	Sæmilegt	Efnistaka	Talsverð	
Tegund minja:	Friðlýst:	Hvenær:	Friðlýsa:	Merkja:	Minjagildi:
Þjóðleið/Dalaleið	Nei		Nei	Nei	Talsvert

Lega og staðhættir:

Þessi leið liggur austast á deiliskipulagssvæðinu, fylgir landinu meðfram hlíðinni, en aðeins hærra við suðaustur hluta svæðisins. Gps tekinn suðaustan við þjóðveginn.
1:1 - N: 63°59.507 V: 21°53.442
Gps. tekinn á leiðinni að austan.
1:2 - N: 63°59.504 V: 21°53.443
Gps. tekinn við endamörk fyrirhugaðs efnistökusvæðis.
1:3 - N: 63°59.289 V: 21°53.746

Lýsing:


Leiðin liggur í smá beygjum í landinu. Hún er að mestu grasivaxin, en vel sýnileg hún er um 1-2 má breidd og dýpt allt að 0.5 m.

Athugasemdir:

Leiðin var ein af mörgum leiðum sem lágu á milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur. Leiðin liggur um svokallaðan Slysadal en þar segir sagan að á síðari helmingi nítjándualdar hafi vinnumaður frá Krýsuvík sem var á leið til Hafnarfjarðar að vetri til, misst ofan í ís þrjá hesta sem allir fórust.
Mynd 1.
Horft til suðvesturs, leiðin liggur til vinstri á myndinni, meðfram hæðinni.
Slysadalur fyrir miðri mynd.
Mynd 2.
Horft til suðvesturs, yfir Slysadal. Vegaslóði fyrir miðri mynd.
Ljósmynd: Katrín G. jan. 2005.

Heimildir:

Jarðakort. Fornleifastofuun Íslands 1998.
Ólafur Þorvaldsson *Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar*. Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1943 –
48. bls. 93-94. Reykjavík 1949.
Viðaukar. *Matsskýrslu fyrir efnitöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar*.
Umhverfis- og hönnunardeild Mars 2004.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Landareign:	Landareign nr:	Jarðatal 1874:	Aldur:
11	2	Hafnarfjörður			1550-1900
Heiti:	GPS-Hnit:	Ástand	Hættumat	Hætta	
Undirhlíðavegur	N 063°59.590' W 021°54.124'	Sæmilegt	Efnistaka	Talsverð	
Tegund minja:	Friðlýst:	Hvenær:	Friðlýsa:	Merkja:	Minjagildi:
Þjóðleið/Undirhlíðarvegur	Nei		Nei	Nei	Talsvert

Lega og staðhættir:

Leiðin liggur undir Undirhlíðum (A - V) sunnan megin við Bláfjallavegin. Sunnan línuvegur eða Undirhlíðavegar sem heitir svo á uppdrætti frá 1998 sem liggur á jafnsléttu í landinu, og trjáræktar sem liggur með hlíðinni.

Gps. Rétt við norðvestur horn deiliskipulagssvæðisins.

2:1 - N: 63°59.590 V: 21°54.124

Gps. milli trjáræktar og vegaslóða.

2:2- N: 63°59.670 V: 21°53.992

Lega og staðhættir:

Leiðin liggur í smá beygjum í landinu og er mjög greinileg á köflum, grasivaxin með smá þúfum eða hverfur þar sem hún liggur um klappir. Er allt að 1- 2 má breidd eða minna og dýptin allt að 0.40 m.

Athugasemdir:

Mynd 1.

Horft í austur í átt að Bláfjallavegi. Leiðin liggur yfir klappirnar til hægri á myndinni.

Mynd 2.

Horft til vesturs, trjárækt í hlíðinni til vinstri, leiðin fyrir miðri mynd, í átt að trjárækt.

Ljósmynd: Katrín G. jan, 2005.


Heimildir:


Jarðakort. Fornleifastofuun Islands 1998.

Ólafur Þorvaldsson *Fornar slóðir milli Krísuvíkur og Hafnarfjarðar*. Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1943 – 48. bls. 84. Reykjavík 1949.

Viðaukar. *Matsskýrslu fyrir efnitöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar*.

Umhverfis- og hönnunardeild Mars 2004.





Fylgiskjal 1
mkv. 1:12500